



FUNDARGERÐ

235. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3, mánudaginn 8. apríl 2024
og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Eggert Valur Guðmundsson, Nanna Jónsdóttir, Tómas Birgir Magnússon, Valtýr Valtýsson, Einar Bárðarson, Jón G. Valgeirsson og Anton Kári Halldórsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Stjórnarformaður óskaði eftir því að taka inn eitt mál fræðsluferð til Danmerkur sem yrði liður nr. 5 og aðrir dagskrárliðir tæku breytingum í samræmi við það.

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri sat fundinn undir lið 1.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2023 - 2404113

Ársreikningur 2023 lagður fram.

Ársreikningur 2023 lagður fram og kynntur af Klöru Viðarsdóttur.

Afgreiðslu frestað.

Samþykkt samhljóða.

2. Ýmsar upplýsingar úr daglegum rekstri 2024 - 2402060

Farið yfir ýmis rekstrarmál

Einar Bárðarson framkvæmdastjóri fór yfir rekstrarmál samkvæmt fyrirleggjandi minnisblaði. Reksturinn er í jafnvægi en umsvif á Strönd eru að aukast miðað við sama tímabil árið 2023.

3. Sorpbrennslustöð - Sorporka ehf. - 2312018

Lögð fram viljayfirlýsing

Lögð fram drög að viljayfirlýsingu um samstarf milli Sorpstöðvar Rangárvallasýslu b.s og Sorporku ehf. um að koma upp IMW sorporkustöð í gámum á athafnasvæði Sorpstöðvarinnar á Strönd.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að taka saman áætlaðan kostnað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. við að uppfylla sinn þátt í undirbúningi, uppsetningu og rekstri á sorpbrennslustöðinni sem fram kemur í viljayfirlýsingunni og leggja fram á næsta fundi stjórnar. Þá er framkvæmdastjóra jafnframt falið að láta lögmann rýna efni viljayfirlýsingarinnar.

4. Pappírspokar - lífrænn heimilisúrgangur - 2402057

Upplýsingar um kostnað vegna innleiðingar bréfpoka

Stjórn samþykkir að leggja allt að 1,2 m.kr í kaup á pappírspokum fyrir lífrænan úrgang í innleiðingarferli á pokunum. Íbúum verði kynnt hvar þeir geta nálgast poka gjaldfrjálst á meðan á innleiðingu stendur og framkvæmdastjóra falið að eiga í viðræðum við söluaðila í Rangárvallasýslu að taka pappírspoka í sölu í stað máispoka.

5. Fræðsluferð til Danmerku - 2404124

Lögð fram dagskrá á fræðsluferð til Danmerkur um úrgangsmál 22.-26. apríl nk.

Stjórn samþykkir að gefa framkvæmdastjóra kost á að fara í fræðsluferðina f.h. SOR.

7. Fundargerðir Sorpstöðvar Suðurlands 2024 - 2404105

Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands lögð fram til kynningar.

6. Eftirlit á Strönd - Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. - 2402018


Upplýsingar um eftirlit Umhverfisstofnunar

Eftirlitsskýrsla frá Umhverfisstofnun og úrbótaáætlun lögð fram til kynningar og framkvæmdastjóri upplýsir að unnið sé að úrbótum samkvæmt úrbótaáætluninni með beinum úrbótum og breyttu verklagi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30.


Eggert Valur Guðmundsson


Nanna Jónsdóttir


Tómas Birgir Magnússon





